

14. júní 2018

Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2018

Quarterly government accounts, 1st quarter 2018

Samantekt

Áætluð tekjuafkoma hins opinbera reyndist jákvæð um 9,6 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2018, eða sem nemur 1,5% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Á sama tíma árið 2017 var tekjuafkoma hins opinbera jákvæð um 8,4 milljarða króna.

Heildartekjur hins opinbera jukust um 5,3% milli 1. ársfjórðungs 2017 og 2018. Sú tekjuaukning skýrist aðallega af auknum skatttekjum. Heildarútgjöld hins opinbera jukust um 5,0% á sama tímabili. Launaútgjöld jukust um 7,9% en vaxtaútgjöld drógust saman um 14,9%. Samneysla hins opinbera jókst að raungildi um 2,9% á 1. ársfjórðungi 2018 samanborið við 2,3% á sama ársfjórðungi 2017.

Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.601 milljarði króna í lok 1. ársfjórðungs 2018 sem samsvarar 58,9% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 322 milljarða króna í lok ársfjórðungsins, en það samsvarar 11,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Skuldir ríkissjóðs drógust saman um 210 milljarða króna milli 1. ársfjórðungs 2017 og 2018. Stærsti hluti þess skýrist af erlendum lánum en þau drógust saman um rúma 90 milljarða króna.

Vegna breytinga á gagnaskilum sem átt hafa sér stað í tengslum við innleiðingu laga um opinber fjármál er óvissa í uppgjöri fjármála hins opinbera meiri nú en undir venjulegum kringumstæðum. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi eru því settar fram með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða vegna fyllri upplýsinga.

Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera
jukust um 5,3%*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, jukust um 5,3% á milli 1. ársfjórðungs 2017 og 2018 þær eru áætlaðar 275,0 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2018, borið saman við 261,1 milljarð króna á sama tímabili árið 2017.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 6,2% milli ára hjá hinu opinbera, en þau eru áætluð 234,9 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2018.

*Heildarútgjöld hins opinbera
jukust um 5,0%*

Áætlanir benda til þess að heildarútgjöld hins opinbera hafi verið 265,4 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2018 en þau voru 252,7 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2017. Heildarútgjöld hins opinbera jukust um 5,0% á 1. ársfjórðungi miðað við sama ársfjórðung árið 2017. Launakostnaður hins opinbera heldur áfram að vaxa og nemur aukningin milli ára 7,9%. Fjárfesting jókst um 12,9% en áætlað er að




vaxtagjöld hafi dregist saman um 14,9%. Um 59,5% af heildarútgjöldum hins opinbera eru laun og kaup á vöru og þjónustu.

Samneysla hins opinbera jókst að raungildi um 2,9% á 1. ársfjórðungi 2018 samanborið við 2,3% á sama ársfjórðungi 2017.

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP



Skýringar Notes: Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar á 1. ársfj. 2016, án stöðugleikaframlagsins hefði tekjujöfnuðurinn verið neikvæður um 2,0% af VLF. Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin á 4. ársfj. 2016. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 1st quarter 2016, when excluding the stability contribution the deficit is estimated to be 2.0% of quarterly GDP. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 4th quarter 2016.

Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 9,6 milljarða

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist jákvæð um 9,6 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2018. Tekjuafgangurinn nam 1,5% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins sem er sama hlutfall og á 1. ársfjórðungi 2017.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2017 og 2018

Table 1. General government finances in 1st quarter 2017 and 2018

Milljarðar króna	2017	2018	
Billion ISK	1. ársfj.	1. ársfj.	Breyting, %
	1st quart.	1st quart.	Change, %
1. Heildartekjur Revenue	261,1	275,0	5,3
2. Heildarútgjöld Expenditure	252,7	265,4	5,0
2.1 Fjárfesting Investment	15,1	17,0	12,9
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)			
Financial bal. (3 = 1 - 2)	8,4	9,6	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum			
Fin. bal. % of revenue	3,2	3,5	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF			
Financial bal. % of GDP	1,5	1,5	•

Ríkissjóður

Tekjuafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 10,9 milljarðar

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 199,8 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2018 og heildarútgjöld 188,8 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því jákvæður um 10,9 milljarða króna á 1. ársfjórðungi, eða sem nemur 1,7% af landsframleiðslu ársfjórðungsins.

Afkoman á 1. ársfjórðungi 2018 er mun hagstæðari en á sama ársfjórðungi 2017. Heildartekjur voru 199,8 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2018, sem er aukning um 4,5% frá sama ársfjórðungi 2017. Aukning heildartekna skýrist öðru fremur af 7,3 milljarða króna aukningu í skatttekjum frá 1. ársfjórðungi 2017. Þar af jukust tekjur vegna skatta á vöru og þjónustu um 6,6%.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 1. ársfjórðungi 2017 og 2018

Table 2. Central government finances in 1st quarter 2017 and 2018

Milljarðar króna Billion ISK	2017 1. ársfj. 1st quart.	2018 1. ársfj. 1st quart.	Breyting, % Change, %
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	191,1	199,8	4,5
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	183,3	188,8	3,0
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	8,8	8,4	-4,1
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	7,8	10,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	4,1	5,5	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	1,3	1,7	•

Á gjaldahlið ríkissjóðs eru umfangsmestu útgjaldaliðirnir fjárframlög til almannatrygginga, launakostnaður og kaup á vöru og þjónustu. Áætlað er að heildarútgjöld hafi aukist um 3,0% á 1. ársfjórðungi 2018 miðað við sama ársfjórðung 2017. Áætlað er að vaxtagjöld hafi dregist saman um 17,8% og fjárfesting um 4,1%.

Samneysla ríkissjóðs jókst að raungildi um 2,6% á 1. ársfjórðungi 2018 en samneyslan jókst um sama gildi á 1. ársfjórðungi 2017.

Áhrif breyttra aðferða við mat á eignum ríkissjóðs


Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.278,5 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2018, eða sem nemur 47,0% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hafa peningalegar eignir aukist um 10,9% frá sama ársfjórðungi 2017. Þar vegur þýngst endurmat Fjársýslunnar á eignarhlutum í fyrirtækjum í samræmi við lög um opinber fjármál og nýjar reikningsskilaaðferðir (IPSAS). Fyrir endurmatið var hlutféð metið á kostnaðarverði eða hlutdeild í eigin fé, það sem lægra reyndist. Fyrri ár var því aðeins færð breyting á eign í félögum ef taprekstur var á félagi og eigið fé var lægra en skráður eignarhlutur. Frá og með 1. ársfjórðungi 2018 færir Fjársýslan eignarhlut ríkissjóðs í félögum sem hlutdeild í eigin fé félaganna.

Skuldir ríkissjóðs hafa dregist saman um 11,6%, en þær námu 1.600,5 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2018 í samanburði við 1.810,5 milljarða í lok 1. ársfjórðungs 2017. Sem hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu ársins námu skuldirnar 58,9% á 1. ársfjórðungi 2018 samanborið við 70,9% af landsframleiðslu á 1. ársfjórðungi 2017.

Peningalegar eignir umfram skuldir eru því neikvæðar um 322,0 milljarða króna í lok 1. ársfjórðungs 2018 sem nemur 11,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins samanborið við 25,8% í lok 1. ársfjórðungs 2017.

Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Skýringar Notes: Frá og með 1. ársfjórðungi 2018 er eignarhlutur Ríkissjóðs í félögum færður sem hlutdeild í eign félaganna í samræmi við lög um opinber fjármál og IPSAS. As of 1st quarter, the Treasury's holding in companies is classified as a share of the company's equity in accordance with the Public Finance Act and IPSAS.

Sveitarfélög

Tekjur sveitarfélaga aukist minna en sem nemur vexti útgjalda

Heildartekjur sveitarfélaganna á 1. ársfjórðungi 2018 eru áætlaðar 85,0 milljarðar króna og heildarútgjöld 86,0 milljarðar króna. Tekjuafkoma þessa ársfjórðungs er því áætluð neikvæð um 1,0 milljarð króna. Á sama tíma 2017 var tekjuafkoman jákvæð um 0,4 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa aukist um 7,3% frá sama tímabili árið 2017 en útgjöldin um 9,0%.

Fjárfesting sveitarfélaga vaxið um 36,6%

Útvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 51,5 milljörðum króna á 1. ársfjórðungi 2018, eða sem nemur 60,6% tekna þeirra. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 44,6% heildarútgjalda. Áætlanir benda til þess að launakostnaður hafi aukist um 6,5% en mesta aukningin er í fjárfestingu eða 36,6% á 1. ársfjórðungi 2018 samanborið við 1. ársfjórðung 2017.

Samneysla sveitarfélaga jókst að raungildi um 2,3% á 1. ársfjórðungi 2018 samanborið við 1,5% á sama ársfjórðungi 2017.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 1. ársfjórðungi 2017 og 2018

Table 3. Local government finances in 1st quarter 2017 and 2018

Milljarðar króna Billion ISK	2017 1. ársfj. 1st quart.	2018 1. ársfj. 1st quart.	Breyting, % Change, %
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	79,2	85,0	7,3
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	78,9	86,0	9,0
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	6,3	8,6	36,6
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	0,4	-1,0	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	0,4	-1,2	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	0,1	-0,2	•

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Auk mánaðarhefta eru fjárlög notuð við matið. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna eru notuð gögn sem safnað er í gegnum upplýsingaveitu sveitarfélaganna. Upplýsingaveitan er samstarfsverkefni Hagstofunnar, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er vistuð hjá Hagstofu sem jafnframt sér um söfnun gagna frá sveitarfélögunum. Gögnin eru á rekstargrunni en einnig er stuðst við fjárhagsáætlanir sem sveitarfélögin skila inn í veituna. Mat á fjárfestingu sveitarfélaganna er byggt á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið í heild.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munurinn á þessum tveimur mælikvörðum er því fölginn í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

English summary

According to preliminary figures in the 1st quarter of 2018, the financial balance of the general government amounted to 9.6 billion ISK surplus or 1.5% of quarterly GDP and 3.5% of general government total revenue. This can be compared with 8.4 billion ISK in surplus in the 1st quarter 2017 or 1.5% of GDP in that quarter.

The general government total revenue is estimated 275.0 billion ISK in the 1st quarter 2018, an increase of 5.3% from previous year. The increase is mainly due to increase in tax revenues. The total expenditure increased at the same time by 5.0%. Compensation of employees increased by 7.9% but interest expense decreased by 14.9%.

The central government total liabilities at the end of the 1st quarter 2018 amounted to 1,601 billion ISK or 58.9% of the GDP. The net financial assets was negative by 322 billion ISK or 11.8% of the GDP, compared to 25.8% in the same period 2017. Consequently, the central government net financial asset position has increased by 336 billion ISK between the 1st quarters 2017 and 2018. This increase is partly explained by as of 1st quarter, the Treasury's holding in companies is now classified as a share of the company's equity in accordance with the Public Finance Act and IPSAS.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles, whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. On accrual basis, flows are recorded when they are established regardless of when actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Due to changes in source data that have taken place in connection with the implementation of the Act on Public Finance, uncertainty in public sector accounts is greater now than under normal circumstances. The results of public finances in 1st quarter are therefore presented subject to changes as more information becomes available.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2015–2018*Table 4. Quarterly Government Finances 2015–2018*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- tekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	— þar af fjárfesting <i>— thereof investment</i> (2.1)	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i> (3=1-2)	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
Híð opinbera <i>The General Government</i>						
2015	931,0	949,1	64,0	-18,2	-2,0	-0,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	221,7	235,5	13,4	-13,7	-6,2	-0,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	217,7	229,6	15,1	-11,9	-5,5	-0,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	228,0	237,0	17,3	-9,0	-3,9	-0,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	263,5	247,1	18,1	16,4	6,2	0,7
2016	1.418,3	1.109,9	67,8	308,4	21,7	12,6
1. ársfjórðungur ¹ <i>1st quarter¹</i>	620,2	247,1	13,5	373,1	60,2	15,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	255,4	243,0	16,8	12,4	4,9	0,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	259,7	248,3	19,0	11,4	4,4	0,5
4. ársfjórðungur ² <i>4th quarter²</i>	282,9	371,5	18,5	-88,5	-31,3	-3,6
2017³	1.109,6	1.070,9	81,1	38,7	3,5	1,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	261,1	252,7	15,1	8,4	3,2	0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	273,6	264,8	19,7	8,8	3,2	0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	274,5	271,9	25,1	2,6	1,0	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	300,4	281,6	21,2	18,8	6,3	0,7
2018³
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	275,0	265,4	17,0	9,6	3,5	0,4
Ríkissjóður <i>The Central Government</i>						
2015	692,4	698,3	41,5	-5,9	-0,9	-0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	164,6	175,6	8,5	-11,0	-6,7	-0,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	159,1	165,7	9,6	-6,6	-4,1	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	167,8	174,2	10,8	-6,4	-3,8	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	200,9	182,9	12,7	18,0	9,0	0,8
2016	1.149,0	848,8	43,6	300,2	26,1	12,2
1. ársfjórðungur ¹ <i>1st quarter¹</i>	555,0	183,0	8,6	372,0	67,0	15,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	187,2	173,9	10,9	13,3	7,1	0,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	188,6	180,4	11,3	8,2	4,4	0,3
4. ársfjórðungur ² <i>4th quarter²</i>	218,2	311,5	12,8	-93,4	-42,8	-3,8
2017³	815,5	784,0	50,3	31,4	3,9	1,2
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	191,1	183,3	8,8	7,8	4,1	0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	199,7	189,3	12,2	10,4	5,2	0,4
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	200,1	200,3	15,4	-0,2	-0,1	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	224,5	211,1	14,0	13,4	6,0	0,5
2018³
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	199,8	188,8	8,4	10,9	5,5	0,4

¹ Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included.*

² Fjármagnstílfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense.*

³ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2015–2018 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2015–2018 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- tekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	— þar af fjárfesting — <i>thereof investment</i> (2.1)	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i> (3=1-2)	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
Sveitarfélög The Local Governments						
2015	273,6	287,0	22,5	-13,3	-4,9	-0,6
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	65,3	68,2	5,0	-2,8	-4,3	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	67,2	72,2	5,5	-5,0	-7,5	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	69,3	72,0	6,6	-2,8	-4,0	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	71,8	74,6	5,4	-2,7	-3,8	-0,1
2016	308,3	306,5	24,1	1,9	0,6	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	73,2	73,0	4,9	0,3	0,4	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	77,2	78,0	5,9	-0,8	-1,1	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	78,1	76,9	7,6	1,3	1,6	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	79,8	78,6	5,7	1,2	1,4	0,0
2017³	333,6	332,3	30,8	1,3	0,4	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	79,2	78,9	6,3	0,4	0,4	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	83,5	84,5	7,5	-1,0	-1,2	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	84,6	83,7	9,7	0,9	1,0	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	86,3	85,2	7,3	1,1	1,3	0,0
2018³
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	85,0	86,0	8,6	-1,0	-1,2	0,0
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2015	178,8	177,7	0,0	1,1	0,6	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	43,5	43,3	0,0	0,1	0,3	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	43,8	44,0	0,0	-0,3	-0,6	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	44,1	43,9	0,0	0,1	0,3	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	47,6	46,4	0,0	1,1	2,4	0,1
2016	200,3	194,0	0,0	6,3	3,2	0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,8	47,0	0,0	0,8	1,7	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,6	47,7	0,0	-0,1	-0,2	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	50,5	48,6	0,0	1,9	3,8	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	54,3	50,6	0,0	3,7	6,8	0,1
2017³	230,0	224,2	0,0	5,9	2,6	0,2
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	54,9	54,6	0,0	0,3	0,6	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	54,7	55,3	0,0	-0,6	-1,1	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	58,0	56,1	0,0	1,9	3,3	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	62,4	58,2	0,0	4,2	6,8	0,2
2018³
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	58,7	59,0	0,0	-0,3	-0,5	0,0

³ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2016–2018

Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2016–2018

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2016		2017 ¹				2018 ¹
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á Q
	Total	Total	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur Total revenue	1.418,3	1.109,6	261,1	273,6	274,5	300,4	275,0
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	1.180,2	873,5	199,9	212,6	218,8	242,1	211,5
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	429,5	476,2	108,8	115,9	118,1	133,3	114,6
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	7,4	7,9	2,0	2,0	2,0	2,0	2,2
113 Eignarskattar ² <i>Property taxes</i> ²	432,6	51,9	13,2	12,9	12,8	13,0	13,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	290,8	316,6	73,5	77,6	80,9	84,6	78,3
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,1	4,2	0,9	1,1	1,0	1,3	0,9
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	14,9	16,7	1,6	3,1	3,9	8,0	1,7
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	85,4	89,2	21,2	21,5	22,9	23,6	23,4
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	3,0	2,7	0,6	0,6	0,7	0,7	0,7
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	149,7	144,2	39,4	38,9	32,0	33,9	39,4
2 Heildarútgjöld Total expenditure	1.109,9	1.070,9	252,7	264,8	271,9	281,6	265,4
21 Laun <i>Wages</i>	331,7	362,7	84,4	91,2	89,3	97,8	91,1
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	254,0	261,8	62,9	65,1	64,0	69,7	66,7
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	42,1	42,8	10,7	10,7	10,7	10,7	11,2
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	98,2	102,0	26,4	25,1	28,5	22,1	22,4
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	34,6	37,9	9,4	9,4	9,1	10,0	9,9
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	4,9	5,7	1,0	1,5	1,3	1,9	1,0
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	147,6	172,9	42,6	42,2	43,4	44,6	45,4
28 Önnur útgjöld ³ <i>Other expenditure</i> ³	171,2	46,9	10,9	10,6	11,2	14,2	11,7
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	67,8	81,1	15,1	19,7	25,1	21,2	17,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-42,1	-42,8	-10,7	-10,7	-10,7	-10,7	-11,2
Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)	308,4	38,7	8,4	8,8	2,6	18,8	9,6
Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue	21,7	3,5	3,2	3,2	1,0	6,3	3,5
Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP	12,6	1,5	0,3	0,3	0,1	0,7	0,4
Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP	57,8	43,4	10,2	10,7	10,7	11,8	10,1
Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP	45,2	41,9	9,9	10,4	10,6	11,0	9,8

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.² Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.³ Fjármagnstillfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2016–2018
Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2016–2018

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2016		2017 ¹				2018 ¹
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	1.149,0	815,5	191,1	199,7	200,1	224,5	199,8
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	944,9	615,6	139,4	148,2	152,5	175,4	146,7
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	240,8	269,3	61,1	64,7	65,0	78,5	63,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	7,4	7,9	2,0	2,0	2,0	2,0	2,2
113 Eignarskattar ² <i>Property taxes²</i>	394,1	9,8	2,6	2,4	2,3	2,5	2,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	282,6	307,6	71,2	74,9	78,2	83,2	75,9
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,1	4,2	0,9	1,1	1,0	1,3	0,9
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	14,9	16,7	1,6	3,1	3,9	8,0	1,7
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	85,4	89,2	21,2	21,5	22,9	23,6	23,4
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	11,9	11,6	2,7	2,8	3,0	3,1	3,1
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	106,8	99,0	27,8	27,3	21,6	22,3	26,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	848,8	784,0	183,3	189,3	200,3	211,1	188,8
21 Laun <i>Wages</i>	164,1	179,7	41,9	43,9	44,1	49,9	45,7
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	115,9	118,5	27,6	29,0	29,2	32,7	28,3
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	30,7	31,2	7,8	7,8	7,8	7,8	8,2
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	86,5	88,2	22,9	21,6	25,0	18,6	18,8
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	30,1	33,1	8,2	8,2	7,9	8,8	8,7
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	235,3	266,2	63,1	63,6	67,2	72,3	67,0
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	15,2	14,5	3,4	3,5	3,6	3,9	3,5
28 Önnur útgjöld ³ <i>Other expenditure³</i>	158,0	33,5	7,5	7,2	7,8	10,9	8,3
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	43,6	50,3	8,8	12,2	15,4	14,0	8,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-30,7	-31,2	-7,8	-7,8	-7,8	-7,8	-8,2
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	300,2	31,4	7,8	10,4	-0,2	13,4	10,9
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	26,1	3,9	4,1	5,2	-0,1	6,0	5,5
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	12,2	1,2	0,3	0,4	0,0	0,5	0,4
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	46,8	31,9	7,5	7,8	7,8	8,8	7,3
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	34,6	30,7	7,2	7,4	7,8	8,3	6,9

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.*

³ Fjármagnstillfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2016–2018
Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2016–2018

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2016		2017 ¹				2018 ¹
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á
	Total	Total	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur Total revenue	308,3	333,6	79,2	83,5	84,6	86,3	85,0
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	235,4	257,9	60,5	64,4	66,3	66,7	64,9
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	188,7	206,8	47,7	51,2	53,1	54,8	51,5
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	38,5	42,1	10,5	10,5	10,5	10,5	11,0
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	8,2	9,0	2,2	2,7	2,7	1,4	2,3
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	32,9	33,4	7,9	8,2	8,6	8,8	8,1
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	40,0	42,2	10,9	10,9	9,6	10,9	12,0
2 Heildarútgjöld Total expenditure	306,5	332,3	78,9	84,5	83,7	85,2	86,0
21 Laun <i>Wages</i>	142,5	155,7	36,0	40,3	38,5	40,9	38,4
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	96,6	99,9	25,1	25,3	24,1	25,5	27,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	11,4	11,6	2,9	2,9	2,9	2,9	3,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	11,7	13,8	3,4	3,4	3,4	3,4	3,6
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	4,3	4,4	1,1	1,1	1,1	1,1	1,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,6	1,6	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	12,9	13,1	3,3	3,3	3,3	3,3	3,4
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	12,8	13,0	3,2	3,2	3,2	3,2	3,3
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	24,1	30,8	6,3	7,5	9,7	7,3	8,6
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-11,4	-11,6	-2,9	-2,9	-2,9	-2,9	-3,0
Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)	1,9	1,3	0,4	-1,0	0,9	1,1	-1,0
Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue	0,6	0,4	0,4	-1,2	1,0	1,3	-1,2
Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP	12,6	13,0	3,1	3,3	3,3	3,4	3,1
Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP	12,5	13,0	3,1	3,3	3,3	3,3	3,2

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2016–2018Table 8. *Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2016–2018*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2016		2017 ¹				2018 ¹
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á
	Total	Total	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur Total revenue	200,3	230,0	54,9	54,7	58,0	62,4	58,7
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	197,5	227,1	54,2	54,0	57,3	61,7	57,9
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	2,8	2,9	0,7	0,7	0,7	0,7	0,8
2 Heildarútgjöld Total expenditure	194,0	224,2	54,6	55,3	56,1	58,2	59,0
21 Laun <i>Wages</i>	25,1	27,3	6,5	7,0	6,8	7,0	7,1
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	41,5	43,3	10,3	10,9	10,7	11,5	11,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,0	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,2	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	7,3	7,3	1,6	1,8	1,9	2,0	2,0
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	119,5	145,3	35,9	35,5	36,5	37,4	38,6
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,4	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)	6,3	5,9	0,3	-0,6	1,9	4,2	-0,3
Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue	3,2	2,6	0,6	-1,1	3,3	6,8	-0,5
Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP	0,3	0,2	0,0	0,0	0,1	0,2	0,0
Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP	8,2	9,0	2,2	2,1	2,3	2,4	2,2
Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP	7,9	8,8	2,1	2,2	2,2	2,3	2,2

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2013–2018Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2013–2018*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2013		2014		2015		2016		2017		2018
	Á Q		Á Q		Á Q		Á Q		Ársfj. Quarters		Á Q
	IV		IV		IV		IV		I	IV	I
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	1.041,3	1.163,1	1.010,3	1.115,2	1.152,4	949,6	1.278,5				
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	403,9	512,6	397,7	274,3	240,8	167,8	191,4				
Lánveitingar <i>Loans</i>	163,5	168,1	123,9	51,2	60,6	97,5	90,2				
Hlutafé ¹ <i>Shares and other equity¹</i>	340,2	352,4	351,6	536,4	652,3	501,8	817,7				
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	133,7	129,9	137,1	253,4	198,7	182,5	179,2				
Skuldir <i>Liabilities</i>	1.917,2	2.001,7	1.847,1	1.736,0	1.810,5	1.616,7	1.600,5				
Verðbréf <i>Securities</i>	823,3	853,8	863,9	832,8	794,4	736,7	716,1				
Lántökur <i>Loans</i>	638,1	642,2	475,4	298,6	300,1	179,9	177,2				
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	249,6	228,0	172,3	97,9	96,7	63,8	64,5				
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	388,5	414,2	303,0	200,8	203,5	116,1	112,7				
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	388,5	407,7	435,7	508,5	611,4	584,0	614,8				
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	67,3	98,1	72,2	96,1	104,7	116,1	92,4				
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-876,0	-838,6	-836,8	-620,8	-658,2	-667,1	-322,0				
Hlutfall af vegrri landsframleiðslu % of Gross Domestic Product (GDP)											
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	54,8	57,6	45,2	45,5	45,1	37,2	47,0				
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	21,3	25,4	17,8	11,2	9,4	6,6	7,0				
Lánveitingar <i>Loans</i>	8,6	8,3	5,5	2,1	2,4	3,8	3,3				
Hlutafé ¹ <i>Shares and other equity¹</i>	17,9	17,4	15,7	21,9	25,5	19,6	30,1				
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	7,0	6,4	6,1	10,3	7,8	7,1	6,6				
Skuldir <i>Liabilities</i>	100,9	99,1	82,6	70,8	70,9	63,3	58,9				
Verðbréf <i>Securities</i>	43,3	42,3	38,7	33,9	31,1	28,8	26,3				
Lántökur <i>Loans</i>	33,6	31,8	21,3	12,2	11,7	7,0	6,5				
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	13,1	11,3	7,7	4,0	3,8	2,5	2,4				
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	20,5	20,5	13,6	8,2	8,0	4,5	4,1				
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	20,4	20,2	19,5	20,7	23,9	22,9	22,6				
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	3,5	4,9	3,2	3,9	4,1	4,5	3,4				
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-46,1	-41,5	-37,4	-25,3	-25,8	-26,1	-11,8				

¹ Frá og með 1. ársfjórðungi 2018 er eignarhlutur ríkissjóðs í félögum færður sem hlutdeild í eigin fé félaganna í samræmi við lög um opinber fjármál og IPSAS. *As of 1st quarter, the Treasury's holding in companies is now classified as a share of the company's equity in accordance with the Public Finance Act and IPSAS.*

Hagtíðindi **Fjármál hins opinbera**
Statistical Series ***Public finance***

103. árg. • 17. tbl.

ISSN 1670-4770

14. júní 2018

Umsjón *Supervision* Hólmfríður S. Sigurðardóttir • holmfridur.sigurdardottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.